

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi

Haldinn 25. febrúar 2020 kl. 20.00 í Akóges-salnum í Lágmúla 4

Snjólfur Ólafsson, formaður félagsins, setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Mætt var af hálfu 48 lóðarhafa, sem svarar til 35,6% lóðarhafa. Var fundurinn því lögmætur.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Pröstur Már Sigurðsson var kjörinn fundarstjóri og Þórólfur Jónsson fundarritari.

2. Lesin upp fundargerð aðalfundar 2019.

Snjólfur Ólafsson las upp fundargerð síðasta aðalfundar.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.

Snjólfur Ólafsson flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta starfsári. Gerði hann grein fyrir helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu.

Haldnir voru þrjú formlegir stjórnarfundir en að auki hittust stjórnarmenn við önnur tilefni og áttu í tölvupóstsamskiptum.

Góugleðin þótti takast vel, sem og hlöðuballið.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar var gengið til samninga við Suðurverk um að hefja endurbætur á vegunum í Kiðjabergi. Unnið var í tveimur botnlöngum, á Kambasvæðinu og nálæggt golfskálanum.

Stjórn hefur á starfsárinu unnið að gerð yfirlitsskiltis fyrir svæðið sem fyrirhugað er að verði við gámasvæðið.

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur verið í samskiptum við félagið og lýst áhuga á betra og nánara samstarfi við sumarhúsaeigendur.

Fylgst hefur verið með þróun ljósleiðaramála.

Að auki hefur stjórnin verið með til skoðunar ýmis mál sem varða hagsmuni félagsmanna.

4. Endurskoðaður ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar, umræður um hann.

Gunnsteinn Sigurðsson fór yfir endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir starfsárið 2019. Heildareignir félagsins námu líðlega 29,5 mkr. en skuldir námu um 8,8 mkr. Eigið fé í lok árs var tæplega 20,7 mkr., samanborið við 19,7 mkr. árið áður.

Hjörleifur Kvaran vakti athygli á því að í ljósi sjóðsstöðu félagsins væri óeðlilegt að félagið væri á sama tíma í skuld við meistarafélagið. Gunnsteinn Sigurðsson tók undir það sjónarmið.

Ársreikningur félagsins var að því búnu samþykktur samhljóða.

5. Kosning formanns.

Snjólfur Ólafsson gaf kost á sér og var kjörinn með lófataki.

Amel 1 P

6. Kosning annarra stjórnamanna.

Kristín Eysteinsdóttir og Nanna Viðarsdóttir gáfu kost á sér og voru þær kjörnar með lófataki.

7. Kosning varamanna í stjórn.

Vilhjálmur Hreinsson, varamaður til tveggja ára, gaf ekki kost á sér.

Gunnsteinn Sigurðsson og Hlín Ástþórsdóttir gáfu kost á sér og voru þau kjörin með lófataki.

8. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans.

Hjörleifur Kvaran gaf kost á sér og var kjörinn með lófataki.

9. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir 2020.

Gunnsteinn Sigurðsson gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Meðal helstu útgjaldaliða sem gert er ráð fyrir eru 3 mkr. í vegaf framkvæmdir, 700 þkr. í snjómokstur og 450 þkr. í rafmagn vegna vatnsdælu. Alls gerir áætlunin ráð fyrir að útgjöld muni nemi liðlega 6 mkr. en tekjur um 6,1 mkr.

Var rekstrar- og framkvæmdaáætlun að því búnu samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Ákvörðun um árgjald til félagsins fyrir 2020.

Gunnsteinn Sigurðsson gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að árgjaldið fyrir árið 2020 yrði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 43.000 kr. fyrir lóðir með vatni og 34.000 kr. fyrir lóðir án vatns. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

Snjólfur Ólafsson gerði grein fyrir tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrir lá að mæting væri ekki nægilega mikil til þess að samþykktum yrði breytt á fundinum. Eftir sem áður ræddu fundarmenn um tillögurnar. Í umræðunum kom fram að flestir viðstaddra styddu að félagið myndi heita „Félag lóðarhafa í Kiðjabergi“.

Ólafur Stefánsson lýsti þeirri skoðun sinni að nógildandi lög um frístundabyggð heimiluðu ekki að fallið væri frá mætingarkröfum/mætingarhlutfalli á fundi félagsins þar sem taka á ákvörðun um framkvæmdir eða að stofna til kostnaðar sem er umfram venjulegan rekstrarkostnað félagsins eða breyta samþykktum þess. Hins vegar geti félagið ákveðið frjálst hvaða mætingarhlutfall geri aðalfund félagsins löglegan til að taka ákvarðanir um venjulegan rekstur félagsins. Í lögnum séu engin ákvæði eða kröfur varðandi þetta.

Sagði Snjólfur að stjórn félagsins myndi fara vandlega yfir það álitaefni fyrir næsta aðalfund. Ólafur áréttaði að hann teldi endurskoðun samþykktanna eftir sem áður þarft verkefni.


12. Önnur mál.

a) Fyrirhugaðar breytingar á gámasvæði.

Snjólfur Ólafsson sagði áhuga hjá stjórn fyrir því að koma gámasvæðinu í betra horf.

Snjólfur gerði grein fyrir því að sveitarfélagið hefði áhuga á að setja upp grenndarstöð í landi Hraunborga. Ef það verður ofan á má búast við að núverandi gámar víki.

b) Yfirlitsskilti fyrir Kiðjaberg hjá gámasvæði.

Arns 2 

Snjólfur gerði grein fyrir vinnu við yfirlitsskilti sem komið verður fyrir á gámasvæðinu. Skiltið er nær frágengið og hefur verið ákveðið að það verði ekki upplýst. Nokkrir fundarmenn lýstu þeirri skoðun sinni að rétt væri að fjarlægja af skiltinu eða lita gráar götur og lóðir sem ekki hefðu verið byggðar. Stjórn mun ákveða framgang málsins.

c) Önnur mál.

Ræddar voru leiðir til þess að auðkenna einstaka bústaði og velt var upp mismunandi aðferðum við að tölusetja þá, í þeim tilgangi að gera það auðveldara fyrir utanaðkomandi, m.a. sjúkrabifreiðar og leigutaka, að rata um svæðið. Fram kom að fyrir lægi vilýrði um að skráningu í þjóðskrá og veðbækur yrði breytt, félaginu að kostnaðarlausu, ef vilji væri til slíkra breytinga.


Gunnsteinn Sigurðsson kom þeirri ábendingu á framfæri að ef félagsmenn væru að selja lóðir sínar væri brýnt að upplýsa stjórn um nýja eigendur. Þar til þær upplýsingar lægju fyrir yrðu félagsgjöld innheimt af fyrri eigendum.

Ólafur Stefánsson fjallaði um bréf sem hefði borist frá sveitarfélaginu um að rotþrær yrðu tæmdar á árinu. Nefndi hann að sveitarfélagið virtist ekki reiðubúið að hafa samráð um tímasetningar sem kallaði á að þeir sem hefðu lokaða botnlanga þyrftu að hafa hlið sín opin um lengri tíma. Lagði hann til að leitað yrði til sveitarfélagsins um úrbætur hvað þetta varðaði. Sagði Snjólfur að stjórnin myndi kanna málið.


Þórhalli Einarsson vakti athygli á mikilvægi þess að félagið eða félagsmenn ættu klöppur ef upp kæmi gróðureldur á svæðinu.

Annað var ekki rætt.

Snjólfur Ólafsson, formaður, sleit fundi kl. 21.35.



Þróstur Már Sigurðsson, fundarstjóri



Þórólfur Jónsson, fundarritari

